

Helstu niðurstöður aðalfundar Klappa grænna lausna hf. 2020

Aðalfundur Klappa grænna lausna hf. var haldinn fimmtudaginn 2. apríl 2020 kl. 16:00 að Hlíðarsmára 3, Kópvogi auk þess sem fundurinn fór fram með rafrænum hætti. Á fundinum voru eftirfarandi tillögur samþykktar, auk þess sem sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum eru eftirfarandi:

1. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 var samþykktur.
2. Samþykkt var að tap ársins yrði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.
3. Eftirfarandi tillaga um breytingar á grein 2.01.5 samþykkt félagsins var samþykkt:

„Aðalfundur félagsins, haldinn 2. apríl 2020, samþykkir heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 50.000.000, (krónur fimmtíu milljónir) og gildir sú heimild í 18 mánuði frá samþykkt hluthafafundar. Um hlutina gilda ákvæði samþykkt félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.“

Um er að ræða endurnýjun á heimild stjórnar til aukningar hlutafjár um fimmtíu milljónir króna.

4. Endurskoðunarskrifstofan KPMG hf., Borgartúni 27, Reykjavík var endurkjörin endurskoðandi félagsins.

5. Eftirfarandi tillaga um stjórnarlaun var samþykkt:

„Hluthafafundur samþykkir að vegna starfsárs stjórnar félagsins frá aðalfundi 2020 til aðalfundar 2021, skulu stjórnarlaun ákveðin þannig að 50 þúsund krónur greiðast hverjum stjórnarmanni fyrir hvern fund en þó skal að hámarki greiða fyrir tvo fundi í hverjum mánuði.“

Stjórn félagsins var sjálfkjörin og aðalstjórn félagsins skipa:

Hildur Hauksdóttir, kt. 260586-2899.

Hildur Jónsdóttir, kt. 021158-7399.

Jón Björnsson, kt. 181268-5229.

Linda Björk Ólafsdóttir, kt. 090466-2919.

Stefán Eyjólfsson, kt. 161162-2999.

Ágúst Sindri Karlsson og Geir Valur Ágústsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og er þeim þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Jón Björnsson og Stefán Eyjólfsson koma nýjir inn í stjórn félagsins. Jón Björnsson hefur yfir 25 ára reynslu sem forstjóri innan smásölugeirans og situr einnig í stjórn hjá Boozt.com, Ahlens AB og By Malene Birger, svo að dæmi séu nefnd. Stefán Eyjólfsson er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Northern Light Leasing Ltd og hefur áratuga reynslu af flugstarfsemi.